

# ÚTGÁFULÝSING

## ÚTGÁFA SKULDABRÉFA Í KERFI VERÐBRÉFASKRÁNINGAR ÍSLANDS HF

### 1. kafli

#### Almennar upplýsingar um útgefanda:

*1.1 Nafn útgefanda, kennitala, heimild til útgáfu, stofndagur, skráð aðsetur og höfuðstöðvar ef þær eru aðrar en hið skráða aðsetur.*

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.  
Borgartúni 30  
BOX 8100  
128 Reykjavík

Stjórn Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. samþykkti skuldabréfaútgáfu þessa að fjárhæð allt að 3.000.000.000 kr. á fundi sínum 26. febrúar 2008 til að afla félaginu lánsfjár til endurlána.

Stofnfundur Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. var haldinn 23. mars 2007.

*1.2 Nöfn og kennitölur forsvarsmanna útgefenda.*

Framkvæmdastjóri:  
Þorsteinn Þorsteinsson kt. 270348-4759

Stjórnarmenn:  
Magnús B. Jónsson, stjórnarformaður kt. 140452-4679  
Anna Skúladóttir kt. 180648-4379  
Jónmundur Guðmarsson kt. 080368-5859  
Kristinn Jónasson kt. 300965-3779  
Svanfríður Inga Jónasdóttir kt. 101151-3019


*1.3 Lög og reglur sem útgefandi starfar eftir, ef sérlög gilda um starfsemi hans.*

Lög nr. 150/2006 um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga.

### 2. kafli

#### Upplýsingar um útgáfuna:

*2.1 Viðtakandi greiðslna og annarra upplýsinga hjá útgefanda sem varða útgáfuna, nafn/nöfn, kennit. og netfang.*


T.S. 

Þorsteinn Þorsteinsson  
Kt. 270348-4759  
Netfang: [thorsteinn.thorsteinsson@samband.is](mailto:thorsteinn.thorsteinsson@samband.is)

Birgir L. Blöndal  
Kt. 151144-4709  
Netfang: [birgir.blondal@samband.is](mailto:birgir.blondal@samband.is)

2.2 Auðkenni útgáfunnar, nafnverð svo og önnur skilyrði sem varða útgáfuna og skuldbinda útgefanda.

<b>Auðkenni:</b>	LSS 08 1
<b>Tegund bréfs:</b>	Jafnar afborganir á sex mánaða fresti.
<b>ISIN:</b>	IS0000017622
<b>Heildarheimild samkv. samningi:</b>	3.000.000.000 kr.
<b>Útgefið nú:</b>	1.000.000.000 kr.
<b>Nafnverðseiningar:</b>	10.000.000 kr.
<b>Útgáfudagur:</b>	26. mars 2008
<b>Lokagjalddagi:</b>	26. mars 2034
	Skuld þessi er bundin vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu 26. mars 2008 sem er 285,55. Höfuðstóll skuldarinnar breytist í hlutfalli við breytingar á vísitölunni frá grunnvísitölu til fyrsta gjalddaga og síðan í hlutfalli við breytingar á vísitölunni milli síðari gjalddaga. Skal höfuðstóll skuldarinnar breytast á hverjum gjalddaga áður en vextir og afborgun eru reiknuð út. Afborganir eru reiknaðar þannig, að á hverjum gjalddaga er verðbótum bætt við höfuðstól skuldarinnar og síðan deilt í útkomuna með þeim fjölda gjalddaga, sem þá eru eftir, að meðtöldum þeim gjalddaga sem komið er að. Af höfuðstól skuldarinnar eins og hann er á hverjum tíma greiðast 5,3% fastir ársvextir, sem reiknast frá 26. mars 2008. Vexti ber að greiða eftirá á sömu gjalddögum og afborganir.
<b>Fyrsti vaxtadagur:</b>	26. mars 2008
<b>Fyrsti gjalddagi vaxta:</b>	26. september 2008
<b>Fjöldi gjalddaga á ári:</b>	26. mars og 26. september.
<b>Gjaldmiðill:</b>	ISK
	Verði vanskil á greiðslu afborgana eða vaxta af skuldabréfunum er heimilt að fella alla skuldina í gjalddaga fyrirvaralaust og án uppsagnar. Ber þá að greiða dráttarvexti í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálag, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð samkvæmt framanrituðu. Þegar skuldin er í gjalddaga fallin skv. framansögðu má gera aðför hjá skuldara til fullnustu skuldarinnar án undangengis dóms eða réttarsáttar skv. 7. tl. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Auk þess að ná til höfuðstóls skuldarinnar nær aðfararheimild þessi til vaxta, verðbóta, dráttarvaxta, kostnaðar af kröfu, málskostnaðar eða innheimtukostnaðar, endurgjaldskostnaðar af gerðinni sjálfri og væntanlegs kostnaðar af frekari fullnustuaðgerðum.
<b>Framsal:</b>	Skuldabréfin skulu við eigendaskipti framseld til nafngreindra aðila.

T.S. 

<b>Stimpilgjald:</b>	Skuldabréfin eru undanþegin stimpilgjaldi. Útgefandi er lánaþyrirtæki .
<b>Ágreiningsmál:</b>	Rísi mál út af skuldabréfi þessu má reka það fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur skv. ákvæðum 17. kafla laga nr. 91/1991.
<b>Heimild:</b>	Heildarheimild útgáfunnar er 3.000 m.kr. Flokkurinn er opinn.

2.3 *Hlunnindi sem tengd eru skuldabréfunum, útreikningar þeirra og nýting.*  
Engin hlunnindi eru tengd útgáfu þessari.

2.4 *Skattur á tekjur af skuldabréfum sem haldið er eftir til staðgreiðslu í upprunalandinu og/eða í skráningarlandinu. Greint skal frá hvort útgefandi ábyrgist að staðgreiðsluskatti sé haldið eftir.*

Um skattalega meðferð skuldabréfanna fer eftir gildandi skattalögum á hverjum tíma. Útgefandi ábyrgist ekki að staðgreiðsluskatti af vaxtagreiðslum skuldabréfanna sé skilað til ríkissjóðs, sbr. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 94/1996 um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

2.5 *Tilgreint sé inn á hvaða VS - reikning ráðstafa eigi útgáfunum skuldabréfum.*

VS-reikningur H.F. Verðbréfa hf. nr.251270. kt. 581203-2760

2.6. *Aðrar upplýsingar um hina fyrirhuguðu útgáfu eða útgefendur sem Verðbréfaskráning telur nauðsynlegar.*

### 3. kafli

Upplýsingar um þá sem annast útgáfulýsingu og ábyrgjast endurskoðun ársreikninga


3.1 *Nöfn, kennitölur, netföng og sími þeirra sem annast útgáfulýsingu.*

Þorsteinn Þorsteinsson  
Kt. 270348-4759  
[thorsteinn.thorsteinsson@samband.is](mailto:thorsteinn.thorsteinsson@samband.is)  
s. 515 4900

Tryggvi Sveinsson  
Kt. 060681-4149  
[tryggvi@hfverdbref.is](mailto:tryggvi@hfverdbref.is)  
s. 585-1705

3.2 *Nöfn, kennitölur, netföng og sími löggiltra endurskoðenda útgefanda undanfarin þrjú ár.*

PriceWaterhouseCoopers hf. kt. 690681-0139, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík.

T.S. 

Sigurður B. Arnþórsson, lögg. endurskoðandi, kt. 090654-5949.  
[sigurdur.b.arnthorsson@is.pwc.com](mailto:sigurdur.b.arnthorsson@is.pwc.com)  
s. 550 5300

#### 4. kafli

### Fylgigögn með útgáfulýsingu:

#### 4.1 Staðfesting opinbers skráningaraðila á tilurð útgefanda.

Staðfesting frá Fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.

#### 4.2 Staðfesting á að útgefandi hafi tekið formlega ákvörðun um hina fyrirhuguðu rafrænu útgáfu eða önnur gögn þar að lútandi svo sem staðfest afrit af fundargerð eða vísun í lög eða reglur sem gilda um útgáfuna.

Sjá meðfylgjandi bókun úr fundargerð stjórnar útgefanda.

#### 4.3 Afrit af kvittun frá sýslumanni um að stimpilgjöld, þar sem við á, hafi verið greidd.

Skuldabréfin eru undanþegin stimpilgjaldi sbr. liður 2.2

#### 4.4 Nafn frumsöluaðila eins eða fleiri ef um nýja útgáfu eða viðbótarútgáfu er að ræða og af samningi útgefanda við hann.


Lánasjóður sveitarfélaga ohf. er sjálfur umsjónaraðili útgáfunnar.

#### 4.5 Óski Verðbréfaskráning eftir því skal leggja fram staðfesta yfirlýsingu héraðsdómara að félag sé ekki undir gjaldþrotaskiptum.


#### 4.6 Önnur fylgigögn vegna hinnar fyrirhuguðu útgáfu sem Verðbréfaskráning telur nauðsynleg.

Reykjavík, 18. mars 2008

F.h. útgefanda,



F.h. banka/verðbréfafyrirtækis,



H.F. VERÐBRÉF

## VIÐBÓT VIÐ SKULDABRÉFAFLOKK LSS 08 1


Hér með óskar Lánasjóður sveitarfélaga ohf. sem útgefandi eftir að skuldabréfaflokkur með auðkenninu LSS 08 1 og ISIN nr. IS0000017622 verði aukinn um kr. 1.330.000.000 í samræmi við heimild til hækkunar flokksins sbr. útgáfulýsing dags. 26. mars 2008. Áður hafa verið gefnar út kr. 1.000.000.000 og verður flokkurinn því að fjárhæð kr. 2.330.000.000 eftir hækkunina.

Óskað er eftir að hækkuninni verði ráðstafað inn á vörslureikning nr. 54140 í eigu H.F. Verðbréfa hf. Vinsamlegast tilkynnið reikningsstofnuninni (Tryggvi@hfv.is), þegar hækkunin hefur verið skráð.


Skuldabréfaflokkur þessi mun verða skráður í Kauphöll Íslands hf.

Meðfylgjandi er staðfesting úr fundargerð stjórnar útgefanda varðandi heimild til útgáfunnar.

Reykjavík, 18. júní 2008

F.h. útgefanda  
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.  
  
Þorsteinn Þorsteinsson



F.h. reikningsstofnunar  
H.F. VERÐBRÉF  
  
Tryggvi Sveinsson

## VIÐBÓT VIÐ SKULDABRÉFAFLOKK

Hér með óskar Lánasjóður sveitarfélaga ohf. eftir að skuldabréfaflokkur með auðkenninu LSS 08 1 og ISIN nr. IS0000017622 verði aukinn um kr. 850.000.000, sbr. heimild til hækkunar flokksins. Einnig er vísað til útgáfulýsingar dags. 26. mars 2008. Áður hafa verið gefnar út kr. 2.330.000.000 og verður flokkurinn því að fjárhæð kr. ~~3.180.000~~ eftir hækkunina. 1) 3.180.000.000.-

Óskað er eftir að hækkuninni verði ráðstafað inn á vörslureikning nr. 54140 í eigu H.F. Verðbréfa hf. Vinsamlegast tilkynnið Tryggvi@hfv.is, þegar hækkunin hefur verið skráð.

(SKV.  
BEIÐNI,  
EBS)

Skuldabréfaflokkur þessi mun verða skráður í Kauphöll Íslands hf.

Reykjavík, 10. júlí 2008

F.h. útgefanda

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

Þorsteinn Þorsteinsson

 H.F. VERÐBRÉF  
F.h. reikningsstofnunar

Tryggvi Sveinsson

Tryggvi Sveinsson



VERÐBRÉFASKRÁNING ÍSLANDS  
ICELANDIC SECURITIES DEPOSITORY

## VIÐAUKI VIÐ SAMNING

MILLI

VERÐBRÉFASKRÁNINGAR ÍSLANDS HF

OG

LÁNASJÓÐS SVEITARFÉLAGA OHF

UM

HÆKKUN Á HEILDARFJÁRHÆÐ SKULDABRÉFAÚTGÁFU MEÐ  
AÚÐKENNINU LSS 08 1 OG ISIN NR IS0000017622.

Verðbréfaskráning Íslands hf, kt. 500797-3209, og Láнасjóður sveitarfélaga ohf, kt. 580407-1100, gera hér með samning um viðauka við útgáfusamning félaganna, dags. 18. mars 2008. Heildarheimild samkv. samningi er nú kr 3.000.000.000.-, kr. þrímilljarðar, en með viðauka þessum verður hún aukin um kr.2.000.000.000.-, kr. tvömilljarða, og verður eftir hækkun kr.5.000.000.000.-, kr. fimmmilljarðar. Að öðru leyti er vísað í útgáfulýsingu dags. 18. mars 2008.

Reykjavík, 11. júlí 2008

F.h. Verðbréfaskráningar Íslands hf,

F.h. , Láнасjóðs sveitarfélaga ohf,

## VIÐBÓT VIÐ SKULDABRÉFAFLOKK

Hér með óskar Lánasjóður sveitarfélaga ohf. eftir að skuldabréfaflokkur með auðkenninu LSS 08 1 og ISIN nr. IS0000017622 verði aukinn um kr. 150.000.000, sbr. heimild til hækkunar flokksins. Einnig er vísað til útgáfulýsingar dags. 26. mars 2008. Áður hafa verið gefnar út kr. 3.180.000.000 og verður flokkurinn því að fjárhæð kr. 3.330.000 eftir hækkunina.

Óskað er eftir að hækkuninni verði ráðstafað inn á vörslureikning nr. 54140 í eigu H.F. Verðbréfa hf. Vinsamlegast tilkynnið á tölvupóstfangið Tryggvi@hfv.is þegar hækkunin hefur verið skráð.


Skuldabréfaflokkur þessi mun verða skráður í Kauphöll Íslands hf.

Reykjavík, 11. ágúst 2008

F.h. útgefanda  
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.

  
Þorsteinn Þorsteinsson

F.h. reikningsstofnunar  
 H.F. VERÐBRÉF

  
Tryggvi Sveinsson




## VIÐBÓT VIÐ SKULDABRÉFAFLOKK


Hér með óskar Lánasjóður sveitarfélaga ohf. eftir að skuldabréfaflokkur með auðkenninu LSS 08 1 og ISIN nr. IS0000017622 verði aukinn um kr. 400.000.000, sbr. heimild til stækkunar flokksins. Einnig er vísað til útgáfulýsingar dags. 26. mars 2008. Áður hafa verið gefnar út kr. 3.330.000.000 og verður flokkurinn því að fjárhæð kr. 3.730.000.000 eftir stækkunina.

Óskað er eftir að aukningunni verði ráðstafað inn á vörslureikning nr. 54140 í eigu H.F. Verðbréfa hf. Vinsamlegast tilkynnið Tryggvi@hfv.is, þegar hækkunin hefur verið skráð.

Skuldabréfaflokkur þessi mun verða skráður í Nasdaq OMX á Íslandi.

Reykjavík, 30. september 2008

F.h. útgefanda  
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.  
  
Þorsteinn Þorsteinsson

F.h. reikningsstofnunar  
H.F. VERÐBRÉFA  
  
Tryggvi Sveinsson

## APPENDIX 1

# VIÐBÓT VIÐ SKULDABRÉFAFLOKK

*Hækkun rúmast innan ramma samnings*

Hér með óskar Lánasjóður sveitarfélaga ohf., með vísan í útgáfusamning og útgáfulýsingu dags. 26. mars 2008, eftir að skuldabréfaflokkur með auðkenninu LSS 08 1 og ISIN nr. IS0000017622 verði aukinn um kr. 600.000.000.- sex hundruð milljónir króna. Heildarheimild samkvæmt samningi er kr. 5,000,000,000.- fimm milljarðar króna en áður hafa verið gefnar út kr. 3.730.000.000 og verður flokkurinn því að fjárhæð kr. 4.330.000.000 eftir stækkunina.


Óskað er eftir að aukningunni verði ráðstafað inn á vörslureikning nr. 799924 í eigu Straums – Burðarás Fjárfestingabanka hf., kt. 701086-1399 og sem er í umsjón Verðbréfasráningar Íslands hf.

Vinsamlegast tilkynnið Styrmi Guðmundssyni, netfang [styrmir.gudmundsson@straumur.net](mailto:styrmir.gudmundsson@straumur.net), sími 585-6709 þegar hækkunin hefur verið skráð.

Skuldabréfaflokkur þessi mun verða skráður í OMX Nordic Exchange á Íslandi hf.


Reykjavík, 2. október 2008

Lánasjóður sveitarfélaga ohf.



Þorsteinn Þorsteinsson

F.h. reikningsstofnunar.



## VIÐBÓT VIÐ SKULDABRÉFAFLOKK

Hér með óskar *Lánasjóður sveitarfélaga* eftir að skuldabréfaflokkur með auðkenninu *LSS 08 1* og ISIN *IS0000017622* verði aukinn um ISK *670.000.000 (sexhundraðogsjötíumilljónir)*, sbr. heimild til hækkunar flokksins. Einnig er vísað til útgáfulýsingar dags. *26. mars 2008*. Áður hafa verið gefnar út ISK *4.330.000.000 (fjórirmilljarðarþrjúhundruðogþrjátíumilljónir)* og verður flokkurinn því að fjárhæð ISK *5.000.000.000 (fimmilljarðar)* eftir hækkunina.

Óskað er eftir að hækkuninni verði ráðstafað inn á vörslureikning nr. 54140 í eigu H.F. Verðbréfa hf.

Vinsamlegast tilkynnið *Gísla Kristjánssyni (gislik@hfv.is)*, þegar hækkunin hefur verið skráð.

Skuldabréfaflokkur þessi mun verða skráður í Kauphöll Íslands hf.

Reykjavík, *16. október 2008*

F.h. Útgefanda



---

*Þorsteinn Þorsteinsson*

F.h. reikningsstofnunar



---

*GÍSLI KRISTJÁNSSON*